

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, haldinn þriðjudaginn 21.01.2014 kl. 16:45 á Kjóavöllum.

20. fundur

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, Þorvaldur Sigurðsson, Hannes Hjartarson, Hermann Vilmundarson, Guðmundur Hagalínsson og Ingibjörg G. Geirsdóttir.

1. Fjármál.

Guðmundur Hagalínsson lagði fram reikninga og fór yfir fjármál, þ.m.t. varðandi virðisaukaskatt.

2. Vígsla reiðhalla:

- a. Boðsgestir farið yfir stöðu varðandi boðsgesti á vígsluhátíð. Boðskort hafa verið send út á alla félagsmenn í Spretti og verið er að vinna í því að senda út tölvupósta og hafa samband við alla aðra boðsgesti. Vel gengur að ná í þessa aðila og áætlaður heildarfjöldi á vígsluhátíð er um 1000 manns. Sigurlaug hefur umsjón.
- b. Kynnir, Hinrik Ólafsson hefur tekið að sér að vera kynnir á vígsluhátíð. Einnig hefur Eyþór Árnason, sýningarstjóri í Hörpu, boðist til að aðstoða við sviðsetningu.
- c. Ræður, á hátíðinni munu eftirtaldir hafa framsögu, Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður Sprettis, fulltrúar Garðabæjar og Kópavogs, Haraldur Þórarinsson formaður LH og Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
- d. Rekstrarsamningur, undirritaðir verða rekstrarsamningar milli Sprettis og sveitarfélaganna, Garðabæjar og Kópavogs.
- e. Hestaatriði, hópreið, barna- og unglingaatriði eru í höndum Ragnheiðar Samúelsdóttur og góðhestaatriði í höndum Ríhards Flemming. Hermann hefur umsjón.
- f. Hljóðkerfi, tilboð komin í hljóðkerfi fyrir vígslu, mjög ólík og verið er að rýna þau. Fleiri tilboð koma á morgun og ákvörðun tekin í kjölfarið. Þorvaldur hefur umsjón.
- g. Kórar, Brokkkór og Sprettskór syngja á hátíðinni. Hermann hefur umsjón.
- h. Merki í sal, Gréta V. Guðmundsdóttir sér um að láta framleiða og setja upp merki í sal. Settur verður dúkur yfir og mun Rannveig Ásgeirsdóttir forseti bæjarstjórnar Kópavogs afhjúpa það ásamt krökkum úr Spretti.
- i. Verkstaða reiðhöll/gólf, verið er að gera bílaplön klár, Kópavogsbær annast það. Parket í sal er komið, hestaæfingar geta verið á þriðjudaginn í reiðsal fyrir opnun.
- j. Veitingar, Kvennadeild hefur tekið tilboði frá Soho í Keflavík 1600 kr. á mann. Rætt um mögulegan fjölda gesta vegna veitinga. Guðni bakari bakar 3 metra köku.

3. FEIF kynning 8. febrúar. Sigurlaug er í sambandi við Harald Þórarinsson hjá LH.

Næsti fundur þriðjudaginn 11. febrúar, kl. 17:30

Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið kl. 18:00

Fundargerð ritaði Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir